

Nd. **79. Frumvarp til laga** [75. mál]
um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í auka-tekjulögum nr. 104/1965.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að heimilað verði, að þau gjöld, sem tilgreind eru í frumvarpi þessu, verði innheimt með sömu viðaukum á árinu 1973 og gert hefur verið á þessu ári.